
FORELDRASTEUFNA AUSTURKÓRS

Markmið stefnunnar:

- Að ramma inn þau gildi sem eru iðkuð í Austurkór
- Að veita öryggi og stuðla að farsælu foreldrasamstarfi
- Að móta sameiginlegan skilning og sýn á skólasterfinu

Samstarf

Í Austurkór er lögð áhersla á gott og uppbyggilegt samstarf við alla foreldra með velferð barnsins að leiðarljósi. Styrkur hvers leikskólasamfélags felst í fjölbreyttum og virkum foreldrahópi. Því teljum við mikilvægt að leita margvíslegra leiða í samstarfi leikskóla og fjölskyldna þar sem virðing, heiðarleiki og umburðarlyndi ríkir í samskiptum. Samstarf um barnið er mikilvægur þáttur í leikskólasterfinu, s.s. á foreldrafundum, í viðtölum og ekki síst í daglegum samskiptum. Þannig byggist upp sameiginleg þekking starfsfólks og foreldra á sérhverju barni, þroska þess og líðan í barnahópnum.

Við viljum skapa umhverfi þar sem barn fær að vaxa og dafna og leiðbeinum við hvert öðru af umhyggju og jákvæðni á jafningjagrundvelli. Því okkar leiðarljós er samvinna.

Móttaka nýrra barna

Það ferlið sem við notum í móttöku nýrra barna stuðlar að því að þau aðlagist sem best og upplifi öryggi og nánd. Lykilpersóna hvers barns aðstoðar bæði foreldra og barn að aðlagast nýju umhverfi og aðstæðum. Stuðst er við aðlögunaráætlun en tekið er mið af þörf hvers barns fyrir sig. Deildastjórar eru ábyrgir fyrir því að fylgja fyrirliggjandi ferli um móttöku nýrra barna.

Upplýsingamiðlun og boðleiðir

Góð upplýsingamiðlun er grundvöllur góðrar samvinnu og því mikilvægt að allir taki þátt í að miðla upplýsingum, leiðbeina hvert öðru og nota þær boðleiðir sem árangursríkastar eru. „Að segja það sem maður meinar – og meina það sem maður segir“ virkar best og það ætlum við að iðka í Austurkór.

Trúnaður og siðareglur

Starfsmenn Austurkórs eru bundnir trúnaði um allt það sem þeir komast að í sínu starfi starfa og skrifa undir þagnarheit þess efnis. Trúnaður þessi er óbreyttur eftir starfslok. Starfsfólk leikskóla ber skilda að framfylgja lögum um barnavernd. Sbr. 17 gr barnaverndarlaga.

Endurskoðun foreldrastefnu

Foreldrastefna Austurkórs er endurskoðuð á þriggja ára fresti – næsta endurskoðun 2018. Foreldrastefnan var unnin af starfsmannahópnum og samþykkt vor 2016.